

Íðorðasafn í menntunarfræði - **Hugtök í leiklist**

©Rannsóknarstofa í leiklistarfræðum

Höfundar:

Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir

Í leiklist í skólastarfi hafa mismunandi hugtök verið auðkennd með lýsandi heitum. Helstu hugtökum leiklistar í skólastarfi sem lýst er stuttlega í þessum kafla eru: Leiklist í skólastarfi, aðferðaleiklist, samfélagsleikhús, leikhús sem kennslufræðilegt afl (TIE), leiklist í kennslu (DIE), leikræn tjáning og samsköpunarleikhús.

Hægt er að útskýra muninn á leiklist og leiklist í skólastarfi þannig að leiklist (e. *theatre*) snýst aðallega um samband og samskipti leikarans og áhorfenda en leiklist í kennslu (e. *drama education*)

Leiklist í skólastarfi/ Drama Education

Leiklist í skólastarfi er hugtak sem er notað þegar aðferðum sviðs- lista er beitt á menningarleg samskipti, nýsköpun í menntun og félagslegar breytingar. „Leiklist í skólastarfi, líkt og tónlistarkennsla og myndmennt, sækir í fagurfræði listformsins en er í raun ekki það sama og leikhús“ en á rætur sínar í leikhúsi.

Leikhús er sú fagurfræðilega uppspretta sem leiklistarkennarar þurfa stöðugt að sækja í svo að hægt sé að túlka og miðla þeirri hugmyndafræði og nýsköpun sem felst í listforminu með kennslu og lærdómi.

Í skólum eru tegundir leiklistar notaðar til að gera lærdóm mögu- legan. Þegar nemendur í skólaum- hverfi þróa verk sín og deila þeim með öðrum koma þeir fram eins og í leikhúsi

Aðferðaleiklist/ Process drama eða Applied drama

Aðferðaleiklist er hugtak þar sem bæði nemendur og kennari eru að vinna í og úr hlutverkum, út frá tilteknum útgangspunkti. Þessi útgangspunktur getur t.d. verið fyrirsögn í dagblaði, saga, hlutur og ýmislegt fleira.

Samfélagsleikhús/ Applied Theatre

The Central School of Speech and Drama í London lýsir iðkun samfélagsleikhúss „sem /.../ inngrip, samskipti, þróun, valdefling og tjáning þegar unnið er með einstaklingum eða sérstökum samfélögum“.

Leikhúsinu er beitt vegna þess að það er tekið út úr hefð- bundnu almennu leikhúsi og sett í ýmsar aðstæður í sam- félögum þar sem margir meðlimir hafa ekki raunverulega reynslu af leikhúsformi. Leikhúsið verður miðill til aðgerða og til íhugunar en síðast en ekki síst til umbreytingar – leik- hús þar sem hægt er að kynnast nýjum tilveruleiðum og ímynda sér nýja möguleika fyrir mannkynið.

Hugtakið samfélagsleikhús og hugtakið „samfélagsdrama“ varð vinsælt meðal fræðimanna, leikhúsfolks og stefnumótenda til að lýsa mismunandi tegundum leiklistarstarfsemi sem eiga sér fyrst og fremst stað utan hefðbundinnar leikhússtofnunar og er sérstaklega ætlað að gagnast einstaklingum og samfélögum.

Leikhús sem kennslufræðilegt afl/ Theatre in Education (TIE)

John O'Toole var líklega fyrstur til að greina leikhús sem kennslufræðilegt afl (1976) á kennslufræðilegan hátt. Þessu breska hugtaki er lýst af Jackson (1993) og öðrum í Learning through Theatre. Leikhús sem kennslufræðilegt afl er hugtak jafnt sem kennsluaðferð. Það samanstendur af undirbúinni sýningu (oft af atvinnuleikurum eða leiklistarnemendum) sem er studd af virkri þátttöku áhorfenda, oft í formi gagnvirkra leiklistarsmiðja. Leikarinn/kennarinn beitir þá margvíslegum aðferðum í leiklist. Sýningin getur t.d. byggst á skáldaðri sögu, sögulegu vandamáli eða vandamálum samtímans. Nicholson (2009) bendir á að leiklistarfræðingar hafi alltaf ráðist í róttækar tilraunir á leikhúsforminu. Það býður ungu fólki upp á „/.../ leiðir í sviðslistum sem gætu raskað inngróinni víxlverkun listar og hagnýtingar, fræðslu og skemmtunar, popúlisma og elítisma, ferlis og afurðar, virkni og óvirkni, þátttöku og áhorfs“ (Nicholson, 2009, bls. 80). Leikhúsið verður miðill til aðgerða, til íhugunar, en fyrst og fremst til umbreytinga – leikhús þar sem hægt er að kynnast nýjum tilveruleiðum og ímynda sér nýja möguleika fyrir mannkynið.

Leiklist í kennslu/ Drama in Education (DIE)

Leiklist í kennslu er námsaðferð. Með virkri samsömun nemenda við ímynduð hlutverk og aðstæður í leiklist geta þeir lært að fjalla um málefni, atburði og sambönd. Að læra í gegnum leiklist sameinar nokkur hugtök sem fela í sér að nota leiklist sem kennsluaðferð, eins og þykjustuleikur, að tileinka sér hlutverk og vinna í hópi. Þessi hugtök eru notuð þegar kenndar eru ýmsar námsgreinar í mismunandi kennsluumhverfi. Nemendur semja atriði eða hlutverkaleik byggst á verkefni sínu sem leiðir til sögu sem á að segja. Atburðarás sögunnar leiðir til samskipta milli persóna. Áhersla er lögð á ímyndunarafl; nemendur fjalla um og taka ákvarðanir út frá persónunum sem þeir túlka, sem leiðir til

samskipta og umræðu. Á vissan hátt má segja að hlutverkaleikur gefi nemendum tækifæri til að skilja hvað það þýðir að vera mann- eskja,

Leikræn tjáning/ Dramatic Art

Samkvæmt David Hornbrook (1998) gerir leikræn tjáning engan hugmyndafræðilegan greinarmun á barni sem leikur í kennslustof- unni og leikara á sviði í leikhúsi, því að bæði taka þátt í leiklistarat- burði og bæði gera ráð fyrir tilvist flytjanda og áhorfenda (bls. 108). Leikari sem tjáir sig með látbragði er að skapa bæði fyrir sjálfan sig, af sinni dýpstu þörf, og fyrir aðra, en þykjustuleikur barns sem er einsamalt krefst líklega aðeins ímyndaðra áhorfenda. Í leiklistar- tímanum eru gagnrýnir áhorfendur og hlustendur alltaf til staðar, jafnvel þótt þeir séu tveir þátttakendur. Leikarar og áhorfendur eru lykilþættir leiklistarinnar.

Samsköpunarleikhús/ Devised theatre

Í samsköpunarleikhúsi er ekki gerð greinarmunur á leikstjóra, sýningarstjóra eða leikara. Samsköpunarleikhús er leikhúsgjörningur eða suðupunktur hugmynda þar sem allt má. Ekkert handrit eða leikrit er til staðar í upphafi heldur vinna listamennirnir að sýningu í gegnum spuna og tilraunir, hugmynd eða hugtaki og verður hand- ritið til í æfingarferlinu. Samsköpunarleikhús er samvinnuverkefni þar sem eru engin hefðbundin skilgreind hlutverk (t.d. leikskáld, leikstjóri) og áherslan er bæði á ferlið sem og á lokaafurð/sýningu fyrir áhorfendur sem er mikilvægir þátttakendur í samsköpunarleik- húsi. Þegar nemendur taka þátt í samsköpunarleikhúsi læra þeir að vinna í hóp að sameiginlegu markmiði þar sem málamiðlun og samskiptahæfni eru í fyrirrúmi.

Eftir þessa stuttu greiningu á mismunandi hugtökum í leiklist/ leikhúsi, sem inniheldur bæði ferli og afurð, er hægt að taka saman eftirfarandi fullyrðingu: Þegar nemendur taka þátt í leikriti eru þeir að koma fram með og fyrir aðra í leikhúsrými; þegar nemendur nema staðar til að fylgjast með verkum hvers annars og breytast úr „leikara“ í „áhorfanda“ verða þeir skynjendur eigin verka. Trausti og skilningi er miðlað í leikhúsrými leiklistar í skólastarfi

